

FRÆÐSLUEFNI

Velkomin á heila-, tauga- og bæklunarskurðeild B6



Á B6 er tekið á móti sjúklingum sem fara í aðgerðir vegna heila- eða taugasjúkdóma eða í bæklunaraðgerðir. Á deildinni starfa ýmsar fagstéttir sem koma að meðferð sjúklinga auk nema í heilbrigðisgreinum.

Hvildartími

Hvildartími er á deildinni kl. 13:00 – 14:00. Þá er æskilegt að hvílast og taka ekki á móti gestum.

Vaktaskipti

Vaktaskipti hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er klukkan 7:00, 8:00, 15:30 og 23:00. Milli klukkan 15:30-16:00 koma hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar morgunvaktar og kvöldvaktar saman inn á stofu til sjúklings til að skiptast á upplýsingum. Þá gefst tækifæri til að hitta starfsfólk sem kemur nýtt á vaktina og ræða líðan og markmið meðferðar eða spyrja spurninga varðandi hana.

Nettenging

Til að komast á netið er vafri opnaður og „LSH-gestanet“ valið. Þegar kennitala og símanúmer hafa verið slegin inn birtist lykilorð í smáskilaboðum. Gott er að geyma lykilorðið.

Símanotkun

Leyfilegt er að hafa farsíma en hann þarf að setja á hljóðláta stillingu til að raska ekki ró herbergisfélaga.

Matartímar

Morgunmatur 08:45 - 09:30

Hádegismatur 12:00 - 12:40

Síðdegishressing 14:30 - 15:00

Kvöldmatur 17:30 - 18:15

Utan matmálstíma er velkomið að biðja starfsfólk deildarinnar um að útvega ávöxt, ristað brauð, jógúrt eða næringardrykk. Einnig geta aðstandendur komið með mat og drykk í samráði við starfsfólk. Á setustofu er isskápur en merkja þarf matvæli með nafni og herbergisnúmeri. Merkimiða eru geymdir fyrir ofan isskápinn. Af hreinlætisástæðum eru sjúklingar og aðstandendur beðnir um að drekka ekki vatnið úr krönunum inni á sjúkrastofum, heldur nota vatnsvél sem er staðsett á gangi.

Mikilvægi hreyfingar

Það getur flýtt bata eftir skurðaðgerð að vera á fótum eins mikið og ástand og líðan leyfir. Hvatt er til að nýta setustofu sem er staðsett innst á deildinni. Gæta þarf þess að vera í stömum sokkum eða stöðugum skóm og nota hjálpartæki við göngu ef þörf er á.

Láttu okkur vita ef þig vantar upplýsingar, aðstoð eða fylgd við hreyfingu. Kallað er eftir aðstoð starfsmanns með því að ýta á bjöllu við rúmið.

Upplýsingar fyrir aðstandendur

- Mælst er til þess að heimsóknargestir séu ekki á deildinni fyrir klukkan 14:00 og eftir klukkan 21:00 nema í samráði við starfsmenn deildar.
- Aðstandendur eru beðnir um að bíða með heimsóknir ef þeir hafa fundið fyrir flensulíkum einkennum, uppköstum eða niðurgangi síðustu tvo sólarhringa.
- Aðstandendur geta hringt á deildina og fengið upplýsingar um sína nánustu en ráðlagt er að hafa einn tengilið sem hefur samband. Ef hjúkrunarfræðingur er upptekinn eru tekin skilaboð og hann hringir til baka.
- Kaffi, vatn og te er í boði fyrir aðstandendur á setustofu. Hægt er að kaupa mat í matsal á jarðhæð spítalans sem er opinn frá klukkan 08:00 – 19:30. Einnig er sjálf sali og verslun Rauða kross Íslands á 2. hæð.
- Ekki er aðstaða fyrir aðstandendur til að dvelja á deild á næturnar. Þeir sem búa fjarri spítalanum þurfa sjálfir að finna sér gistingu ef þess gerist þörf.
- Farangur sjúklinga er geymdur í skáp eða náttborði á stofu sjúklings. Annar farangur má ekki vera á stofu þar sem það getur skapað hættu fyrir sjúklinga og starfsfólk. Af sömu ástæðu er ekki leyfilegt að setja aukarúm inn á stofu.

Símanúmer

Heila-, tauga- og bæklunarskurðdeild B6

543 7600

